

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2003

21. ágúst 2003

1941

Nr. 621

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Nýtt deiliskipulag golfvallar.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldin var þann 27. maí 2003, var samþykkt tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir golfvöll á Akranesi.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 9.

Á fundi bæjarráðs Akraness, í umboði bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 17. júlí 2003, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Flatahverfi, klasa 9 á Akranesi.

Breytingin felst í að fækka lóðum úr fimm í þrjár.

Í staðinn fyrir parhús á lóð nr. 1 og 3 og þrjú 2ja hæða 6 íbúða fjöleignahús á lóðunum nr. 5, 7 og 9, koma 2ja hæða 8 íbúða fjöleignahús á lóðuunum nr. 1 og 5 og og 3ja hæða 12 íbúða fjöleignahús á lóðinni nr. 3. Lóðir nr. 7 og 9 detta út. Íbúðafjöldi í klasanum breytist úr 20 í 28.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Breytt deiliskipulag Breiðarsvæðis.

Á fundi bæjarráðs Akraness, í umboði bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 17. júlí 2003, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis á Akranesi.

Breytingin felst í að vegtenging milli Vesturgötu og Hafnarbrautar er færð til norðurs og lóðarmörk við Hafnarbraut 10 og 12 og við Vesturgötu 4 og 6-8 breytast. Kvöð er um lagnir OR og aðgang að þeim. Ennfremur er afmarkaður byggingarreitur við Vesturgötu 17 fyrir bílskúr.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem byggingar- og skipulagslög mæla fyrir um.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar taka þegar gildi.

Akranesi, 21. ágúst 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir,
skipulagsfulltrúi.